



## Fundargerð

### 182. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, Miðvikudaginn 22. mars 2023, kl. 15:00.

#### Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson.

#### Almenn mál

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. 2211020 - Tungu - Umsókn um skipulagsmál - br á dsk

*Fram er lögð breyting á deiliskipulagi fyrir Tungu, Magma hótél. Breytingin felur í sér tilfærslu á byggingarreit (H), aðeins breytta skilmála fyrir byggingarreit (G2) og færsla á byggingarreit (I) fyrir starfsmannahús ásamt breyttum skilmálum. Skipulagsbreytingin var auglýst frá 5. janúar til og með 16. febrúar 2023. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun.*

Eftir auglýsingu var bætt inn í tillöguna umfjöllun um vatn og frárennsli í samræmi við umsögn Heilbrigðiseftirlitsins en svæðið er tengt vatnsveitu Kirkjubæjarklausturs og skipulag frárennslis er skv. gildandi aðalskipulagi.

Skipulagsnefnd, samþykkir fyrirliggjandi deiliskipulag, skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim skilyrðum að hámarkshraði á Meðallandsvegi 204, verði tekinn niður frá þjóðvegi 1 að Hæðarlæk. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá málinu.

2. 2303002 - Grenndarkynning, Snæbýli 1, íbúðarhús.

*Fram eru lögð umsókn um byggingaráform fyrir stakt íbúðarhús innan Snæbýlis 1 frá 20.03.2023 í umsókninni er lýst byggingaráformum um stakt íbúðarhús að stærðinni 57 m<sup>2</sup> samkvæmt framlögðum gögnum.*

Skipulagsnefnd samþykkir að falla frá grenndarkynningu skv. 3. mgr. 44. gr skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem framkvæmdin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og eða umsækjanda.

3. 2303003 - Grenndarkynning, Efri-Ey II, frístundahús

*Fram er lögð umsókn um byggingaráform fyrir þrjú (3) stök frístundahús innan Efri-Eyjar II frá 20.03.2023 í umsókninni er lýst byggingaráformum um stök frístundahús að stærðinni 52 m<sup>2</sup> hvert hús samkvæmt framlögðum gögnum.*

Skipulagsnefnd samþykkir að falla frá grenndarkynningu skv. 3. mgr. 44. gr skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem framkvæmdin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og eða umsækjanda.

RM  
J.G.  
RPL  
1  
E.H.V.



4. 2303004 - Breyting á deiliskipulagi íbúða- og frístundabyggðar í Landi Efri-Víkur við Kindagötu

*Fram er lögð breyting á deiliskipulagi íbúða- og frístundabyggðar í Landi Efri-Víkur þar sem skilmálum fyrir byggðina við Kindagötu 7 er breytt óverulega.*

**Skipulagsnefnd samþykkir breytingu á deiliskipulagi.  
Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá málinu.**

5. 2303005 - Breytt skráning fyrir Kirkjubæjarklaustur 2 landnr. 194079

*Tekið er fyrir erindi Fanneyjar Ólafar Lárusdóttur þar sem óskað er eftir að breyta heiti lóðar/fasteignar úr Kirkjubæjarklaustur 2 í Staðartún. Landnúmer lóðar er 194079 og fastanúmer er F2262124.*

**Skipulagsnefnd samþykkir breytta skráningu fyrir Kirkjubæjarklaustur 2 landnr. 194079 í Staðartún.**

6. 2303006 - Stækkun lóðar Siggulundur L 227211

*Tekið er fyrir erindi frá Sveini Hreiðari Jenssyni fyrir hönd dánarbús Jens E. Helgasonar, kt. 041142-8179. Erindinu fylgja uppdrættir þar sem fram kemur ný afmörkun lóðar. Í erindinu er óskað eftir stækkun lóðar Siggulundar Landnr. 227211 úr 17740 m<sup>2</sup> í 26740 m<sup>2</sup>.*

**Skipulagsnefnd samþykkir umsóknina.  
Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá málinu.**

Fundi slitið kl. 16.11

  
Jón Hrafn Karlsson

  
Rúnar Þorri Guðnason

  
Jóhannes Gissurarson

  
Guðbrandur Magnússon

  
Elín Heiða Valsdóttir